

REGLUR

um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

1. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra veitir framlög til byginga húsnæðis fyrir aldraða í samræmi við þær reglur sem hér eru settar.

2. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra raðar verkefnum í forgangsröð í samræmi við þörf á vistrými fyrir aldraða á hverjum stað og með hliðsjón af framkvæmdaáætlun sjóðstjórnar 1982—1986. Framlög verða veitt til verkefna í samræmi við forgangsröð og fjárhag sjóðsins.

3. gr.

Árlega skal $\frac{1}{10}$ ráðstöfunarfjár Framkvæmdasjóðs aldraðra varið til bygginga íbúða fyrir aldraða.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir allt að 10% byggingakostnaðar íbúða, sem komast í forgangsröð og samþykkt er að veita framlög til. Greiðslum framlagsins má dreifa á þrjú ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

4. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir allt að 50% byggingakostnaðar dvalarheimila fyrir aldraða, sem komast í forgangsröð og samþykkt er að veita framlög til. Greiðslum framlagsins má dreifa á fjögur ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

5. gr.

Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir 85% byggingakostnaðar hjúkrunar- og sjúkra-deilda fyrir aldraða. Greiðslum framlagsins má dreifa á sex ár og skal, ef unnt er, endanlegt uppgjör gert ári eftir framkvæmdalok.

6. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra getur, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, krafði þá, sem framlög hafa fengið úr sjóðnum, um endurgreiðslu framlagsins, ef í ljós kemur að húsnæði það, sem framlag var veitt til, er ekki nýtt í þágu aldraðra.

7. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra auglýsir hverju sinni frest til að skila umsóknum um framlög úr sjóðnum.

8. gr.

Reglur þessar um úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra skulu endurskoðaðar eigi síðar en að 5 árum liðnum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.